

Frístundastyrkur Árborgar

Spurningar og svör fyrir foreldra

1. Hverjir eiga rétt á frístundastyrk hjá Sveitarfélaginu Árborg?

Öll börn með lögheimili í Árborg á aldrinum 5 – 17 ára (fædd á árunum 2000 – 2012)

2. Hversu hár er styrkurinn?

Frístundastyrkurinn er 15 þúsund árið 2016 og er forráðamönnum frjálst að ráðstafa honum í einni greiðslu í eina íþróttagrein, eða að skipta honum niður á annir eða á fleiri íþróttagreinar.

3. Get ég flutt styrkinn yfir á næsta ár ef ég næ ekki að fullnýta hann í ár?

Nei það er óheimilt að flytja styrkinn á milli ára.

4. Ég er með lögheimili í Árborg, en barnið mitt er með skráð lögheimili hjá hinu foreldri sínu í öðru sveitafélagi, en býr hjá mér aðra hverja viku. Á ég þá ekki rétt á að nýta frístundastyrkinn fyrir barnið mitt?

Nei því miður. Það eru skýrar reglur að barnið sem er að nýta styrkinn sé með lögheimili í Árborg og miðast lögheimilisskráning við fjölskyldunúmer í Þjóðskrá.

5. Ef barnið mitt stundar íþrótt hjá íþróttá-/frístundafélögunum sem hafa eigin skráningarsíðu – Hvernig sæki ég frístundastyrkinn þá?

Ferð inn á heimasíður íþróttafélaganna og skráir barnið með hefðbundnum hætti. Í innskráningarferlinu getur þú hakað við nota frístundastyrk og klárar skráninguna og þar með ertu búin að ráðstafa styrknum að hluta eða að fullu, fer eftir hversu há æfingagjöldin eru.

6. Getur íþróttafélagið/tómstundafélagið skráð barnið mitt og notað þannig styrkinn?

Nei. Foreldrar/forráðamenn eru þeir einu sem mega og geta ráðstafað styrknum.

7. Ég er með lögheimili í Árborg en sé ekki að barnið sé skráð á mig í Íbúagáttinni – af hverju er það?

Einungis foreldrar og forráðamenn sem barnið er skráð með lögheimili hjá sjá barnið á sinni íbúagátt og geta þar af leiðandi fylgst með ráðstöfun frístundastyrks.

8. Hverjir geta ráðstafað frístundastyrk barnsins?

Foreldri/foreldrar/forráðamenn sem hafa sama lögheimili og barnið geta ráðstafað styrknum. Ef foreldrar eru ekki í sambúð, getur foreldrið sem hefur ekki lögheimili á sama stað og barnið, ráðstafað styrknum ef að íþróttafélagið/tómstundafélagið hafi stofnað hitt foreldri sem forráðamann í kerfinu. Sömuleiðis getur tómstundafélagið stofnað aðra nákomna ættingja sbr. ömmur og afa sem forráðamenn/greiðendur fyrir æfingagjöldunum inn í Nóra skráningarkerfinu. Til þess að skrá nýjan forráðamann þarf leyfi frá núverandi forráðamanna

9. Ég er ekki með íslykil eða rafræn skilríki. Hvernig get ég skráð mig inn í kerfið?

Þú verður að innskrá þig á íbúagáttina með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Ef að þú hefur týnt upplýsingunum um íslykil getur þú sótt um nýjan og fengið hann sendan í heimabankann þinn og varðandi rafræn skilríki er best að leita til þíns viðskiptabanka.

10. Af hverju þarf að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum?

Inn á íbúagáttinni eru persónulegar og fjárhagslegar upplýsingar um þig og fjölskyldu þína. Ákveðið var að notast við íslykilinn og rafræn skilríki til að gæta fyllsta öryggis við meðferð persónulegra upplýsinga.

11. Barnið mitt stundar engar íþróttir né tekur þátt í tómsundum. Get ég nýtt styrkinn í eitthvað annað eins og t.d. að kaupa reiðhjól eða annað sem hvetur barnið til hreyfingar?

Nei því miður. Frístundastyrkurinn er eingöngu ætlaður til niðurgreiðslu fyrir íþróttir, listir eða aðra tómsundastarfsemi á vefum félaga og fyrirtækja. Hann er ekki hægt að nýta t.d. til kaupa á tækjum, fatnaði eða ferðum.

12. Við höfum fest kaup á húsnæði í Árborg en flytjum ekki í bæjarfélagið fyrr en í maí á þessu ári. Eigum við rétt á frístundastyrk fyrir börnin okkar ef við höfum ekki átt heima í Árborg 1. janúar þess árs sem er flutt?

Já þið fáið fullan frístundastyrk fyrir árið sem þið flytjið í bæjarfélagið. Um leið og þið hafið breytt lögheimilinu ykkar, eigið þið rétt á frístundastyrknum fyrir börnin ykkar.